

Velferðarráðuneytið hlaut á haustdögum vottun á jafnlaunakerfi sitt. Um er að ræða vottun á samræmi kerfisins við kröfur íslenska staðalsins ÍST 85, sem gefinn var út árið 2012. Uppbygging og innleiðing jafnlaunakerfisins hófst um ári fyrr og fól m.a. í sér nákvæma starfaflokkun innan ráðuneytisins og launagreiningu byggða á henni.

Eitt af verkefnum velferðarráðuneytisins eru jafnréttismál í íslensku samfélagi og í kjölfar lagagsetningar síðastliðið sumar, sem skyldar fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri til að innleiða jafnlaunakerfi, hefur ráðuneytið tekið saman [ýmis gögn um jafnlaunavottanir](#), þ. á m.

[verkfærakistu](#)

fyrir þá sem hyggjast innleiða slíkt kerfi.

Myndin hér fyrir neðan er frá afhendingu vottorðsins. F.v. Kjartan J. Kárason, Þorsteinn Víglundsson, Anna Lilja Gunnarsdóttir og Óttarr Proppé.

